Náttúrufræði

Tímar á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag.

Leiðir: Viðfangsefnum náttúrufræðinnar er skipt niður lotur þar þar sem áhersla er lögð á mismunandi hæfniviðmið. Lögð er áhersla á nemendur takist á við verkefnin á fjölbreyttan hátt. Kennari leggur inn viðfangsefni, nemendur rökræða efnið, vinna einstaklings- og hópverkefni gera tilraunir og athuganir og vinna úr niðurstöðum. Bókin Maðurinn, hugur og heilsa sem kennsluefni í líffræði og Auðvitað á ferð og flugi í eðlisfræði. Hjúkrunarfræðingur sér um kynþroskafræðslu í 6. bekk. Stórt verkefni um getu til aðgerða, auðlindir og mengun. Annað verkefni um plöntur/dýr. Í því verkefni væri sniðugt að gera tilraun. https://vefir.mms.is/co2/index.htm

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Verklag **Nemendur geta:** **Geta til aðgerða** ● greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra, ● greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir, ● rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi, ● tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með	**Geta til aðgerða**	● Verkefni frá kennara	

því að vega og meta ólíka kosti.			
Nýsköpun og hagnýting þekkingar ● unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.	**Nýsköpun og hagnýting þekkingar**	● Verkefni frá kennara	
Gildi og hlutverk vísinda og tækni ● lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,	**Gildi og hlutverk vísinda og tækni**	● Unnið með öðrum þáttum náttúruvísinda.	
Vinnubrögð og færni ● framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni, ● beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið, ● hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.	**Vinnubrögð og færni**	● Verkefni frá kennara ● Einnig væri hægt að notast við þemahefti eins og t.d. Geitungar, Hornsíli eða annað slíkt.	
Ábyrgð á umhverfinu ● tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa, ● ýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni, ● tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð, ● gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama, ● tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	**Ábyrgð á umhverfinu**	● Maðurinn, hugur og heilsa ● Verkefni frá kennara	
Viðfangsefni **Nemendur geta:** **Lífsskilyrði manna**	**Lífsskilyrði manna**	● Maðurinn, hugur og heilsa ● Kynþroskafræðsla frá	

● lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum, ● útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er, ● útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu, ● lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna, ● gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,		hjúkrunarfræðingi ● Verkefni frá kennara	
Náttúra Íslands ● lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt, ● lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd,	**Náttúra Íslands**	● Verkefni frá kennara ● Einnig væri hægt að notast við þemahefti eins og t.d. Geitungar, Hornsíli eða annað slíkt.	
Heilbrigði umhverfisins ● gert grein fyrir notkun manna á auðlindum, ● dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs, ● útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita,	**Heilbrigði umhverfisins**	● Verkefni frá kennara	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu ● lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi, ● lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra, ● gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.	**Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**	● Auðvitað á ferð og flugi	

Námsáætlun

6. bekkur

Smáraskóli

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi:	• Geti lesið einfaldan fræðitexta sér til gagns og geti nýtt sér myndrænar upplýsingar. • Læri að lesa í náttúruna með því að taka vel eftir því sem þar er.
Sjálfbærni:	• Læri að umgangast náttúruna, læri á nýtingu hennar og náttúruvernd.
Heilbrigði og velferð:	• Fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. • Geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð og tileinki sér heilbrigða lifnaðarhætti. • Læri að meta fegurð náttúrunnar og njóta samvista við hana.
Lýðræði og mannréttindi:	• Taki þátt í lýðræðislegum samræðum um álitamál er tengjast náttúruvísindum og umhverfismálum. • Hafi val um ákveðna námsþætti og efnistök.
Jafnrétti:	• Þroski með sér virðingu og samkennd gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi.
Sköpun:	• Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun og verkefnavinnu með ólíkri framsetningu eftir verkefnum.